

# STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 1989

---

---

1. mars 1989

179

Nr. 76

## REGLUGERÐ

### um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir Suðurlandi.

#### 1. gr.

Frá og með 3. mars 1989 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar fyrir Suðurlandi á svæði, sem að vestan takmarkast af 21°22'V og að austan af 16°00'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er fjórar sjómíllur utan við viðmiðunarlínu sbr. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 3. mars falla jafnframt úr gildi reglugerð nr. 28 1. febrúar 1989, um bann við veiðum við suðurströndina og reglugerð nr. 63 21. febrúar 1989 um bann við veiðum út af Þjórsárósum.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. mars 1989.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eypórsson.*